

Evaluation Only. Created with Aspose.Words. Copyright 2003-2011 Aspose Pty Ltd.



**55. fundur Stjórnar Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses
haldinn í stóra salnum í Bergi, 26. ágúst 2020
og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Valdís Guðbrandsdóttir formaður, Heiða Hilmarsdóttir varaformaður og Börkur Þór Ottósson aðalmaður.

Embættismenn

.

Fundargerð ritaði: Eyrún Rafnsdóttir, Ritari á ársfundi félagsins.

Fundurinn er 1. ársfundur Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar haldinn í Menningarhúsinu Bergi kl. 17:00.

Mættir auk stjórnar:

Allir aðalmenn í fulltrúaráði.

Gestir frá leigjendum og forráðamönnum.

Dagskrá:

1. 202008036 - Ársfundur Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses 2020

Ársfundur Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses kt. 640118-2100, haldinn miðvikudaginn 26. ágúst 2020 kl. 17:00 í Menningarhúsinu Bergi.

Valdís Guðbrandsdóttir, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og stýrði honum.

Gengið var til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar.

Valdís Guðbrandsdóttir, formaður flytur skýrslu stjórnar fyrir árið 2019 og fyrir árið 2020 fram að ársfundi. Alls voru haldnir 26 fundir á árinu 2019. Í stjórn leiguíbúða sitja Valdís Guðbrandsdóttir, Heiða Hilmarsdóttir og Börkur Þór Ottósson. Framkvæmdastjórnar leiguíbúðanna voru Guðrún Pálína fram til september 2019 og þá tók við Katrín Sigurjónsdóttir.

Þann 15. febrúar var undirritaður samningur við Kötlum um byggingu íbúðanna og var samingur að upphæð 195.380.500 kr. Þann 10. apríl 2019 var tekin fyrsta skóflustunga að íbúðunum.

Ýmsir erfiðleikar voru á framkvæmdatíma og við verksamning sem undirritaður var og varð veruleg töf á framkvæmdum. Ástæður margvíslegar s.s. vont veður, rafmagnsleysi, covid og fráhrarf undirverktaka sem kom að verkinu. Upphaflega

átti að ljúka verkinu í lok október 2019 en íbúðirnar voru afhentar leigjendum 9. apríl 2020 og var það mikil hátíðarstund. Í framkvæmdaferlinu voru mikil samskipti við íbúa, taka við ábendingum og svara fyrirspurnum. Um þau samskipti sá formaður ráðsins og stafs menn félagsþjónustu og kann Valdís þeim þakkir fyrir. Skýrsla stjórnar tekur líka yfir tímann frá síðustu áramótum og fram að ársfundi en á þeim tíma hélt stjórnin alls 8 fundi. Búið er að gera þjónustusaming við Dalvíkurbyggð um bókhald Leiguíbúðanna. Óskað var eftir fækkun úr 12 í 6 í fulltrúaráð með samþykktum leigufélagsins. Verður kosið í fulltrúaráð til 4 ára og fylgir það sveitarstjórnarkosningunum. Búið er að kjósa 6 fulltrúa. Eru það Andri Mar Flosason og Borghildur Freyja Rúnarsdóttir fyrir hönd íbúa. Aðrir eru Felix Rafn Felixsson, Helga Íris Ingólfssdóttir, Sigríður Jódís Gunnarsdóttir og Kristinn Bogi Antonsson.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi.

Valdís Guðbrandsdóttir kynnti helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2020. KPMG gerði ársreikning Leiguíbúðanna og hafa þeir verið samþykktir og undirritað af stjórn. Rekstrarniðurstaða var -2.744.679. Eigið fé og skuldir samtals: 245.225.308

Engar fyrirspurnir voru um ársreikninga leiguíbúðanna.

3. Breytingar á samþykktum félagsins.

a) Breyting á 5. grein vegna fjölda í fulltrúaráð, fækkun úr 12 í 6 manns. Breytingartillagan er samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.

Tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

b) Breyting á 5., 6. og 7. grein þess efnis að kosningar til stjórnar og í fulltrúaráð sé til fjögurra ára í senn í kjölfar sveitarstjórnakosninga. Þannig verði kosið nú til tveggja ára en framvegis til fjögurra ára í senn, fyrst árið 2022 að loknum sveitarstjórnakosningum.

Tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum

4. Kosning stjórnar, þrjú aðalmenn og þrjú til vara.

Tillaga um óbreytta stjórn:

Aðalmenn:

Börkur Þór Ottósson, Heiða Hilmarsdóttir, Valdís Guðbrandsdóttir

Varamenn:

Eyrún Rafnsdóttir, Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, Katrín Sigurjónsdóttir

Ný stjórn samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.

Tillaga er um að þóknun til stjórnarmanna fylgi fundaþóknun Dalvíkurbyggðar, nú þannig:

Aðalmaður í stjórn: 21.453 kr fyrir setinn fund

Formaður: Tvöföld laun aðalmanns eða 42.906 kr fyrir setinn fund

Varamenn fá greitt fyrir setinn fund, í stað þess aðalmanns sem þeir sitja fundinn fyrir.

Tillaga er um að laun fyrir setu í fulltrúaráði verði þannig:

Fulltrúar leigjenda fá greitt frá Leiguíbúðunum eins og aðalmenn í stjórn, nú 21.453 kr fyrir setinn fund.

Ofangreindar tillögur samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækis.

Tillaga liggur fyrir um Þorstein Þorsteinsson, löggiltan endurskoðanda, KPMG

Tillaga samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum

7. Önnur mál

a) Samþykktir fyrir húsfélagið að Lokastíg 3 fylgdu með fundarboði.

Samþykktir fyrir húsfélagið að Lokastíg 3 samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

b) Kosning stjórnar húsfélagsins. Tillaga um að stjórn Leiguíbúðanna verði jafnframt stjórn húsfélagsins.

(úr drögum að samþykktum húsfélagsins - Sérstök stjórn er óþörf í minni húsum og er heimilt að fela einum eiganda að einhverju leyti eða öllu verkefni stjórnar. Því getur stjórnin verið sú sama og stjórn Leiguíbúðanna ef það er álitnið hagræði. Ef kjósa á sérstaka stjórn skal hún kosin á ársfundi Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar og vera skipuð a.m.k. þremur mönnum. Formaður er þá kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum eftir því sem þurfa þykir)

Tillagan samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

c) Starfsreglur stjórnar Leiguíbúða Dalvíkurbyggðar hses fylgdu með fundaboði.

(úr 8. gr. samþykktanna - Fulltrúaráð skal í samvinnu við stjórn setja starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnar)

Starfsreglurnar samþykktar samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

Fyrirspurn barst frá Sigrúnu Ósk Árnadóttur, hún spyr hvernig hafi verið staðið að því að tilnefna í fulltrúaráð. Valdís svarar fyrirspurninni að stjórn hafi sent tölvupóst til íbúa Leiguíbúðanna, Borghildur Freyja hafi boðið sig fram fyrir hönd dóttur sinnar og var best að hafa karlmann einnig í fulltrúaráðinu samkvæmt jafnréttissjónarmiðum, óskað var eftir aðkomu Andra í ráðið. Sigrúnu boðið að fá samþykktirnar sendar ef hún vildi skoða þær betur.

d) Ákvörðun gjalda í hússjóð. Tillaga um gjald á íbúð kr. 8.000 og á skammtí mavistun 16.000 kr. Gjaldið er innifalið í leiguverði.

Tillaga samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

e) Önnur mál.

Fyrirspurn barst úr sal, Sigrún Ósk Árnadóttir. Hún spyr hverjir greiði laun stjórnarinnar, hvort það séu þau? Valdís útskýrir fyrir henni að það sé greitt úr leigufélaginu.

Sigrún spyr aftur: fá íbúar að vita hvað er gert við peningana sem eru í hússjóðnum? Valdís svarar því til að það sé tilgreint í samþykktunum

Borghildur Freyja spyr; hvert eiga íbúar að leita ef gera þarf við íbúðirnar? Valdís er til svars; gera á samning við eigna- og framkvæmdadeild Dalvíkurbyggðar sem munu sjá um viðgerðir á litlum hlutum. Rætt um hverjir hafi samband við eigna- og

framkvæmdadeild. Eyrún félagsmálastjóri telur best að íbúar komi ábendingum sínum til forstöðumanns íbúðarkjarnans sem útbýr beiðni til eigna- og framkvæmdadeildar. Tillaga kom frá Boga um að réttast væri að allar fyrirspurnir/ábendingar fari í gegnum framkvæmdastjóra.

Felix spyr; hvaðan koma peningar til greiðslu á viðgerðum? Valdís svarar; viðhaldssjóður er hluti af leigutekjum til nota ef þarf að laga og viðhalda fasteignunum.

Felix spyr; hver er verkskipting nýrrar stjórnar? Valdís segir að kosið verði á 1. fundi en stjórnin þurfi að ráða sér framkvæmdastjóra.

Eyrún Rafnsdóttir; Fór yfir stöðuna í þjónustu við íbúðarkjarna í Lokastíg 3. Fallegar íbúðir sem allar eru þó með sínu sniði eftir hverjum íbúa. Langar að þakka íbúum, foreldrum og starfsmönnum hve vel hafi gengið nú í upphafi, allir að leggja sig fram með að kynnast, koma hlutunum í góðan farveg og aðstoða hvert annað. Samskipti hafa verið góð og íbúar sem og starfsmenn glaðir.

Gísli Bjarnason; sem foreldri langar hann að hrósa Dalvíkurbyggð að hafa ráðist í þetta verkefni. Aðstoða og þjónusta sem þessi væri til fyrirmyndar.

Að loknum ársfundi er samverustund í Bergi kl. 18:00 til að fagna verklokum í Lokastíg 3.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____